

## **Fundargerð 75. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.**

**Dagsetning: miðvikudagur 6. apríl 2016 kl. 16:30**

**í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.**

Viðstaddir:

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Björg Ágústsdóttir formaður, Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari, Hilmar Már Arason, Sigríður Finsen og Helga Guðmundsdóttir, Hilmar Orri Jóhannsson fulltrúi nemenda, Erna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð. Sigrún Ólafsdóttir skólanefndarfulltrúi og Aðalsteinn Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi foreldra boðuðu forföll.

Björg Ágústsdóttir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hilmar Már Arason, nýskipaður fulltrúi sveitarfélaganna og skólastjóri Grunnskólans í Snæfellsbæ var boðinn velkominn á sinn fyrsta fund.

Dagskrá:

### **1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.**

Eldri fundargerðir samþykktar og settar á vef skólans í framhaldinu.


### **2. Fjármál FSN – Drög að ársreikningi 2015.**

- a) Fjármálastjóri kynnti drög að ársreikningi 2015 fyrir skólanefnd. Farið var yfir lykilstærðir og mun tap ársins 2015 líklegast verða rúmar 4. m.kr. Fjármálastjóri og skólameistari telja að FSN hafi ekki fengið launahækkanir kennara bættar að fullu. Ráðuneytið er hins vegar á annarri skoðun.
- b) Í nýjum kjarasamningi kennara er greitt eftir vinnumati kennara. Ljóst er að vinnumatið er mun dýrara en gert er ráð fyrir í fjárlögum og virðist ekki tekið tillit til þess í fjárförlögum til skólans árið 2016.

Eftirfarandi bókun var gerð í framhaldi af liðum a) og b):

*Skólanefnd Fjölbrautaskóla Snæfellinga telur óviðunandi að uppbætur vegna kjarabóta kennara og annarra starfsmanna, skv. samningum við ríkið, skili sér ekki að fullu til skólans. Skólanefnd felur skólameistara og fjármálastjóra að koma þessari bókun til ráðherra/ráðuneytis menntamála.*

- c) Í fjárlögum fyrir árið 2016 eru Fjölbrautaskóla Snæfellinga áætlaðir 153 ársnemendur. Reiknaðir ársnemendur voru 188 árið 2014 eftir mikinn niðurskurð nemendaígilda, m.a. vegna „25-ára reglunnar“. Nemendur í 10. bekkjum grunnskóla á upptökusvæði skólans (Snæfellsnes og sunnanverðir Vestfirðir) eru 83 skólaárið 2015-16. Haustið 2015 sóttu 86% nemenda af



upptökusvæði skólans um skólavist við FSN. Ef heimtur af upptökusvæði skólans verða 85% haustið 2016 verða nýnemar 71 og haustið 2017 eru áætlaðir nýnemar 62 skv. sama viðmiði. Ljóst er að ekki verður um fækkun nemenda á upptökusvæði skólans að ræða á næstu árum og þessi niðurskurður á ársnemum er því óskiljanlegur. Þessum upplýsingum var ennfremur komið til skila við fjárlagagerð síðari hluta árs 2015, en það hafði ekki áhrif. Menntamálaráðherra hefur verið gerð grein fyrir þessum málum, fyrst á fundi í Fjölbrautaskóla Snæfellinga þann 6. maí 2015 og svo með bréfi þann 3. desember 2015. Í því bréfi skólameistara til mennta- og menningarmálaráðherra var jafnframt óskað eftir fundi um skólastarfið í Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Engin svör hafa borist við þessari ósk.


Eftirfarandi bókun var gerð:

*Skólanefnd Fjölbrautaskóla Snæfellinga lýsir yfir áhyggjum af ónægum fjárheimildum skólans á árinu 2016. Fyrirsjáanlegt er að nemendum mun fjölga verulega á haustönn 2016 og er það gleðiefni. Umtalsverð fjölgun í árgangi 10. bekkinga á upptökusvæðinu skýrir þetta. Fjölgunin, þ.e. svipuð árgangastærð og búist er við haustið 2016, verður viðvarandi allt til ársins 2021, skv. tölum Hagstofu Íslands eins og þær eru nú. Framlög til FSN á fjárlögum 2016 miða við 153 nemendaígildi en þörfin frá og með komandi haustönn er um 181 nemendaígildi.*

*Skólanefnd óskar eftir því við ráðherra menntamála og fjárlaganefnd Alþingis að brugðist verði við þessari jákvæðu þróun með hækkun fjárframlaga til skólans á árinu 2016. Með því verður skólanum gert kleift að rækja skyldur sínar við nemendur af upptökusvæðinu og komið í veg fyrir að rekstri skólans verði stefnt í voða.*

- d) Við Fjölbrautaskóla Snæfellinga er daglegur skólaakstur, bæði á Snæfellsnesi og á Vestfjörðum. Töluverður fjöldi nemenda nýtir sér þennan akstur. Fjölbrautaskóli FSN hefur annast alla umsýslu og fengið greitt umsýslugjald fyrir það frá LÍN. Ljóst er að tap á haustönn 2015 er af þessum rekstri. Ekkert umsýslugjald hefur verið greitt til FSN fyrir haustönnina vegna þessarar þjónustu. Fjármálastjóri og skólameistari hafa ítrekað óskað eftir upplýsingum frá LÍN um greiðslu umsýslugjalds skv. reglum LÍN. Tengiliður hjá LÍN svaraði tölvupósti þann 29.01.2016 að álag yrði greitt þegar nemendafjöldi væri ljós. Nemendafjöldi er ljós en engin greiðsla hefur borist.

*Skólanefnd Fjölbrautaskóla Snæfellinga lýsir áhyggjum af þeim drætti sem orðið hefur á greiðslu umsýslugjalds LÍN til skólans. Skólanefnd skorar á LÍN að gera upp umsýslugjald við FSN fyrir haustönn 2015 og*




*koma málum í þann farveg að skólinn geti stólað á þessar greiðslur í rekstri sínum.*

Skólanefnd hefur verið kynnt staða fjármála við Fjölbrautaskóla Snæfellinga og mun fylgja eftir ofangreindum erindum skv. bókunum, við ráðherra, formann fjárlaganefndar, þingmenn kjördæmisins eftir atvikum og LÍN.

### **3. Skólastarf og skólabragur**

Skólameistari sagði skólanefnd frá skólastarfi vorannar.

- Opið hús var í FSN í gær 5. apríl, þar sem fram fór kynning á námsbrautum, kynning á félagslífi og skólanum almennt. Skólameistari viðraði hugmynd að „FSN-hermi“ sem gaman væri að hrinda af stað næsta vor. Þá yrði nemendum 10. bekkjar boðið í heimsókn þar sem þeir myndu vera í skólanum, kannski einn dag eða fleiri og fá að upplifa skólastemninguna. Kynning á skólanum hefur farið fram í öllum 10. bekkjum á upptökusvæði skólans. Fyrirverandi nemendur mæta með námsráðgjafa og/eða skólameistara í kynningar og hefur það gefið góða raun. Sérstaklega þarf að hafa í huga að fyrirverandi eða núverandi nemendur hvers bæjarfélags kynni skólann fyrir tilvonandi nemendum þar. Fjölbrautaskóli Snæfellinga mun hafa foreldrafund og kynningu á skólanum snemma í haust samkvæmt venju.
- Skólinn hefur fengið styrkveitingu hjá Sprotasjóði til aðgerða gegn brotthvarfi. Þetta verkefni verður kynnt frekar þegar vinna er komin lengra á veg.
- Skólinn sótti einnig um styrk til Sprotasjóðs vegna uppsetningar á verklýsingu umsjónarkennara þannig að aðstoð þeirra við nemendur með annað móðurmál en íslensku verði skilvirkari og öllum aðilum ljós. Uppsetning á ÍSA-áföngum var einnig hugsuð sem þáttur í verkefninu. Ekki fékkst styrkur í þetta verkefni. Á upptökusvæði skólans er hlutfall nemenda með annað móðurmál en íslensku töluvert hátt. Mikil þörf er á bættri móðurmálskennslu fyrir þennan hóp, sem mun síðan skila sér í betri árangri í öðrum námsgreinum eftir því sem rannsóknir sýna.
- Sólrún Guðjónsdóttir hefur verið ráðin af Fjarmentaskólanum sem starfsmaður skólans í hlutastarfi.
- Umhverfisnefnd Fjölbrautaskóla Snæfellinga, skipuð skólameistara, fulltrúa kennara, matráð, fulltrúa nemenda og húsverði, sem jafnframt er formaður nefndarinnar hefur fundað. Úttekt á umhverfisstefnu skólans hefur farið fram og fyrirhugað er að flokka rusl í meira mæli en gert hefur verið hingað til.
- Valtímabil hefst í næstu viku.
- Heimsóknir kennara í framhaldsdeildina á Patreksfirði eru tíðari og með markvissari hætti.



- Skólameistari hefur fundað með skólastjórum á Snæfellsnesi og ætla þeir að marka sér stefnu í skólamálum (samstarfi) á svæðinu.

#### **4. Skýrsla um úttekt á Fjölbrautaskóla Snæfellinga - umfjöllun frestað**

Úttektaraðilar í ytra mati skólans, þeir Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson skipaðir af mennta- og menningarmálaráðuneyti, hafa lokið sinni vinnu. Skólameistari lýsir yfir ánægju með þessa úttekt og lítur á hana sem tækifæri fyrir skólann. Skýrslan er væntanleg á vef ráðuneytisins og fyrir 1. maí nk. þarf skólameistari að vera búinn að senda tímasetta áætlun um hvernig FSN vill bregðast við úttektinni.

Frekari umfjöllun frestað til næsta fundar, í lok apríl.

#### **5. Lóð Fjölbrautaskóla Snæfellinga**

Húsfundur er fyrirhugaður 26. apríl. Búið er að ráða Sigurborgu Kr. Hannesdóttur til að stýra þeirri vinnu. Jeratún ehf. hefur fundað um erindi Fjölbrautaskóla Snæfellinga varðandi lóð skólans. Búið er að gefa leyfi fyrir áframhaldandi umbótum á lóðinni. Frekari kynningu frestað til næsta fundar.

#### **6. Önnur mál**

- Næsti fundur skólanefndar fimmtudaginn 28. apríl kl. 16:30.
- Formaður NFSN, Hilmar Orri Jóhannsson fór yfir dagskrá vetrarins. Það er stefna nemendafélagsins að hafa að minnsta kosti einn stóran viðburð í hverjum mánuði. Fyrirhugað er kaffihúsakvöld á miðvikudaginn í næstu viku og mun Ari Eldjárn vera með 50 mínútna uppistand. Kaffihúsakvöldið er öllum opið. Kosningar eru fyrirhugaðar í næsta mánuði. Um 85-90% nemenda mæta á viðburði nemendafélagsins. Fjármál nemendafélagins eru í mjög góðum málum.
- Skólameistari spyr um álit á því að skólameistari veiti launalaust leyfi 2016-2017. Skólanefnd mun kynna sér málið og verða skólameistara innan handar við ákvörðun leiti hún eftir því. Skólameistari kynnir niðurstöðu sína á næsta fundi.
- Skólameistarar munu sækja fund þar sem FSN og Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ halda erindi um leiðsagnarmat. Þar mun m.a. prófessor frá King College í London flytja erindi frá London í gegnum Skype.
- Aðstoðarskólameistari fer á ráðstefnu um skólamál í Tyrklandi í Istanbul í næstu viku.

Fundi slitið kl. 19:05.